



Fundargerð hreppsnefndar 31. janúar 2013

Fundargerð hreppsnefndar 31. janúar 2013

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 31. janúar 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt voru á fundinn Bárður Jónasson, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Fjóla Dögg Valsdóttir, Sigríður E. Konráðsdóttir, Þórunn Egilsdóttir og Guðrún Anna Guðnadóttir, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð Hreppsnefndar frá 10. janúar sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 10. janúar sl. Fundargerðin samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
2. mál Fundargerð Skipulags- og byggingarnefndar frá 21. jan. sl.
Lögð fram fundargerð Skipulags- og byggingarnefndar frá 21. jan. sl.
Fundargerðin samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
3. mál Sundlaugin Selárdal, bréf HAUST dags. 16. jan. 2013
Samþykkt að leita til Verkfræðistofu Norðurlands að vinna að tíma- og verkáætlun.
Oddvita falið að fylgja málinu eftir.
Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum
4. mál Byggðakvóti, bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis dags. 17. jan. 2013. Í bréfinu kemur fram að engar gildar umsóknir um byggðakvóta byggðalagsins hafi borist Fiskistofu innan tilskilins frests. Í ljósi þess gefur ráðuneytið sveitarstjórn kost á að endurskoða áður auglýstar úthlutnarreglur með tilliti til aðstæðna. Oddviti gerði grein fyrir málinu.
5. mál Sundabúð, drög að samningi um þjónustu og rekstur hjúkrunarheimilis Sundarbúðar og heimahjúkrunar á Vopnafirði lögð fram.
Um er að ræða samning milli Velferðarráðuneytis, Heilbrigðisstofnunar Austurlands og Vopnafjarðarhrepps um rekstur og þjónustu heimahjúkrunar í Vopnafjarðarhreppi og rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilisins Sundabúðar á Vopnafirði.
Oddviti fór yfir drögin af samningnum. Nokkrar umræður urðu um málið.
Samningur samþykktur samhljóða með 7 atkvæðum.
Oddvita falið að undirrita og ganga frá skjölum er málið varða.
6. mál Hirðifflin, bréf dagsett 23. janúar 2013.
Lagt fram bréf frá félagsskap sem rekið hefur nytjamarkað. Hópurinn er nú húsnæðislaus og óskar eftir aðstoð við leit að hentugu húsnæði. Hreppsnefnd finnst leitt að þessi staða er uppi en sér ekki lausn í þessu máli að svo stöddu.
7. mál Beiðni um stuðning, bréf dagsett 28. janúar 2013.
Elva Hjálmarsdóttir, fyrir hönd landsliðshóps kvenna í íshökkí, óskar eftir styrk til að fara á heimsmeistaramót.
Hreppsnefnd fagnar árangri Elvu en hafnar erindinu.
8. mál Sorp Langanesbyggð, bréf dagsett 28. janúar 2013.

Lagt fram bréf Langesbyggðar varðandi tímabundna urðun á sorpi. Hreppsnefnd sér ekkert athugavert við að veita leyfið. Gjald fyrir urðun fer samkvæmt gjaldskrá. Endanlegt leyfi verður þó ekki gefið fyrr en að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

9. mál Ýmis mál

- a) Minjastofnun, bréf dags. 9. janúar 2013
Lagt fram til kynningar

Fundi slitið kl 16.35